

## **Ályktun um samstarf við vinnuveitendur/stjórnvöld**

Fjórða þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 fagnar auknu og bættu samstarfi KÍ og aðildarfélaganna við vinnuveitendur og stjórnvöld. Þingið hvetur til þess að Kennarasambandið haldi áfram á þeirri braut að leita samstarfs og samráðs við þessa aðila og telur það árangursríka leið til að koma stefnumálum sambandsins á framfæri. Með því móti skapast auknir möguleikar á því að hafa mótandi áhrif á það samfélag sem við lifum í.